

„Ekkert endist. Annað en Sorgin. Og Ofurástin.“

Um búksorgir, ástarsorg og jöklasorg í *BÓL*
eftir Steinunni Sigurðardóttur

Allar þær búksorgir, alltaf. Jafnvel núna, á síðustu metrunum. Er þetta kannski það eftirsóknarverðasta við dauðann? Búksorgum linnir: verkjum, holti, skitu, heilapöku, hlandspreng. Jafnvel enn meiri létir en að vera laus við sorgir öfund þreytu áhyggjur þýngsl veikindi almennt þras og endalaust baxxx.¹

Það er aðalpersóna skáldsögunnar *BÓL* (2023) eftir Steinunni Sigurðardóttur, einbirnið LínLín Hjálmsdóttir, eða LínLín, sem hér hefur orðið. Ummælin lætur hún falla undir lok bókar þegar hún hefur tekið ákvörðun um að enda líf sitt eftir margfaldan missi. Foreldrar hennar eru látnir – móðirin fyrir aldur fram – og sömuleiðis einkadóttirin sem lést 19 ára, ólétt í bílslysi en um þungunina vissi enginn nema LínLín. Þá hefur persónan greinst með krabbamein og gengið í gegnum erfiðar meðferðir við því. Jöklarnir sem hún unnir fara hverfandi vegna hamfarabreytinga og í ofanálag benda goshræringar til þess að brátt muni sælu-reitur hennar í sveitinni fyrir austan verða hraunflóði að bráð. LínLín hefur auk þess aldrei jafnað sig á höfnun æskuástarinnar og því ekki orðið ástfangin aftur en hún er löngu fráskilin við barnsföður sinn sem hún elskaði aldrei. Leyndarmál fortíðar hafa jafnframt plagað hana; einkum að Hjálmur faðir hennar hélt við fjölskylduvininum Eyjó um árabíl án þess að koma út úr skápnum eða skilja við móður hennar. Þrátt fyrir harm LínLín og einbeitta dauðaprá tekur sagan óvæntan snúning í sögulok þegar persónan kys lífið fram yfir dauðann.

¹ Steinunn Sigurðardóttir, *BÓL*, Reykjavík: Mál og menning, 2023, bls. 178. Eftirleiðis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga. Tekið skal fram að titill greinarinnar er bein tilvitnun í *BÓL*, bls. 42.



Það er ekkert nýtt að Steinunn takist á við erfið og flókin viðfangsefni í skrifum sínum en *BÓL* er býsna óvenjuleg fyrir þær sakir hversu margar og ólíkar hliðar sorgarinnar skáldið fjallar um. Sorg er eðlileg og heilbrigð viðbrögð við missi eins og þeim sem LínLín hefur mátt þola. Missir er ekki einvörðungu bundinn við fráfalið ástvinar, eins og listilega er dregið fram í skáldsögunni, heldur getur hann líka átt við sambandsslit, heilsuleysi, hnignun náttúrunnar eða annað mótlæti í lífinu. Við missi gengur fólk í gegnum sorgarferli en þar sem sorg er afar einstaklingsbundin er misjafnt hversu lengi það varir og hvert birtingarform þess er.² Ein góð leið til að skilja betur áhrif missis á fólk og hvernig það kann að takast á við sorg og tjá sig um hana er að lesa skáldskap sem fjallar um mál-efnið og beina sjónum að persónum og tilfinningalífi þeirra. Bókmenntir geta enda aukið viðsýni lesenda, hjálpað þeim að skilja aðra og ýtt undir að þeir noti ímyndunaraflið til að setja sig í spor annarra.³ Í þessari grein verður rætt á hvaða hátt skáldsagan *BÓL* getur gegnt því hlutverki með því að skoða hvernig sorg og sársauka LínLín er lýst og hvernig hún bregst við söknuði. Í upphafi verður rætt um ástarsorg persónunnar en í kjölfarið verður sjónum beint að ástvinamissinum og sorginni sem vaknar vegna loftslagsvárs og náttúruhamfara.

Ofurástin

Steinunn Sigurðardóttir er þekkt fyrir að skrifa um ólíkar hliðar ástarinnar, ástarþrá persóna og ástarsorg þótt efnistöð hennar og aðferðir séu einatt gagnólík. Ósjaldan beinir hún þó sjónum að persónum sem hafa verið sviknar, hafnað eða misst stóru ástina og syrgja það alla tíð. Í greininni „Á tímum VARANLEGRA ÁSTARSORGA“ fjallar Alda Björk Valdimarsdóttir, prófessor í bókmenntafræði, um ástina, dauðann og lesandann í þremur skáldsögum Steinunnar: *Ástinni fiskanna* (1993), *Hundrað dyrum í golunni* (2002) og *Sólskinshesti* (2005); og bendir á að í þeim öllum sé að finna „eina karlpersónu sem aðalhetjan elskar, eða virðist a.m.k. elska, af lífi og sál og aldrei fá „elskendurnir“ að njótast.“⁴ Alda Björk segir enn fremur að sögurnar eigi það „sammerkt að vera sagðar frá sjónarhorni kvenhetjunnar á meðan ástarviðfangið er fjarlægara. Karlinn er

² Sjá Elizabeth Kübler-Ross og David Kessler, *On Grief and Grieving*, New York: Scribner, 2005, bls. 7.

³ Sbr. Suzanne Keen, *Empathy and the Novel*, Oxford: Oxford University Press, 2007, bls. 101–116.

⁴ Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á tímum VARANLEGRA ÁSTARSORGA“. Ástin, dauðinn og lesandinn í þremur skáldsögum eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, ritstjóri Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun og Háskólaútgáfan, 2011, bls. 135–164, hér bls. 135.

óáþreifanlegur skuggi sem konan getur aldrei fangað og fyrir vikið verður hann því kannski mikilvægari en allt annað og lykillinn að sálarlífi aðalsöguhetjunnar. Hlutverk elskhugans í verkum Steinunnar er því gjarnan að afhjúpa duldar hvatir konunnar, sýna veikleika hennar og harmræna stöðu í lífinu.⁵ Lýsingin á kvenhetjunum kallast þannig á við skrif franska heimspekingins Simonie de Beauvoir sem benti á sínum tíma á að konur mótist félagslega til að skilgreina sjálfar sig í gegnum hinn elskaða – sem spegil og staðfestingu á eigin tilveru.⁶

Skrif Öldu Bjarkar ríma einnig prýðilega við *BÓL* þótt umfjöllun um ástarsorg og ástarþráhyggju LínLín sé ekki jafn fyrirferðarmikil og í lýsingum á mörgum öðrum kvenhetjum Steinunnar. Persónan á það þó sameiginlegt með til að mynda Öldu úr *Tímaþjófnum* (1986) að verða fyrir höfnun sem hún þolir ekki.⁷ Það er æskuástin Hansi sem kys aðra stúlku fram yfir LínLín þegar hún er nítján ára gömul og samband þeirra ekki einu sinni hafið. Höfnunin hefur mikil áhrif á sálarlíf persónunnar sem hefur aldrei aftur orðið ástfangin. Þegar sagan gerist eru tugir ára síðan að leiðir elskendanna skildu og þótt þau hafi í raun aldrei átt í ástarsambandi syrgir LínLín enn karlhetjuna og þá framtíð sem þau hefðu getað átt saman. Í hennar huga er Hansi sá eini rétti; hinn fullkomni maki sem hún þráði en fékk ekki. Hún valdi þó ekki einlífið því hún giftist og eignaðist dóttur þótt alla spennu hafi vantað í hjónabandið. Rökhugsunin í makavalinu varð nefnilega ofan á því makinn var „[v]andaður náungi, myndarlegur, ólyginn, handlaginn“ (180) auk þess sem hann skaffaði vel. Sambandið rann í sjóinn; ekki vegna ástleysis LínLín heldur vegna þess að hún fór í þungunarrof án þess að láta eiginmanninn vita en hann komst að því og skildi við hana. Hjónabandið

⁵ Sjá sama heimild, bls. 135–136.

⁶ Simonie de Beauvoir, *The Second Sex*, þýðendur Constance Borde og Sheila Malovany-Chevallier, New York: Vintage Books, 2011.

⁷ Steinunn hefur sjálf bent á þennan samanburð en í viðtali um *BÓL* segir hún: „Ég held að LínLín sé langmest í ætt við Öldu í *Tímaþjófnum* af öllum mínum söguhetjum. Eitthvað af hugarfarinu. Og svo það að hafa orðið fyrir höfnun í ástum, sem þær þola ekki – þótt með ólíku móti sé.“ Sjá Guðrún Steinþórsdóttir, „AÐ LIFA ER AÐ SKRIFA – Viðtal við Steinunni Sigurðardóttur“, *Skáld.is*, 25. nóvember 2023, sótt 15. júlí 2025 af <https://skald.is/vidtol/46-ad-lifa-er-ad-skrifa-vid-steinunni-sigurdardottur>. Fræðilega umfjöllun um ástarsorg Öldu Íversen úr *Tímaþjófnum* má einkum lesa í eftirfarandi skrifum: Helga Kress, „Dæmd til að hrekjast. Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í *Tímaþjófnum* eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1988, bls. 55–93 og Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á fráteknna staðnum fyrir mig“. Ást og dauði í *Tímaþjófnum* í ljósi sálgreiningar“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, ritstjóri Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun og Háskólaútgáfan, 2011, bls. 113–134; Alda Björk Valdimarsdóttir, „ÞETTA ÓSIGRANDI VÍGI SEM HÚN ER“. Tíminn og *Tímaþjófurinn* 1986–2017“, Steinunn Sigurðardóttir, *Tímaþjófurinn*, Reykjavík: Bjartur, 2017, bls. 188–204.

harmar hún þó ekki enda elskaði hún aldrei fyrrum maka sinn og hélt raunar endurtekið fram hjá honum án þess að finna til samviskubits.⁸

Á forvitnilegan hátt kallast LínLín á við Samöntu, aðalpersónu *Ástin fiskanna*. Báðar upplifa þær hina rómantísku ást einkum í gegnum skáldskap eða nánar tiltekið eigin þýðingar á ástarljóðum.⁹ Þá skapa þær stórsögur um ástarreynslu sína þar sem ímyndunaraflíð er aðaleldsneytið í því að segja frá og spinna rómantíska frásögn af skiptum sínum og þönkum um karlhetjuna, ástina og ástarsorgina. Sögur þeirra undirstrika hinar sterku ástartilfinningar og þrár sem ástarviðfangið hefur kallað fram hjá þeim. Í þessu sambandi hefur Alda Björk bent á að *Ástin fiskanna* sé „ekki ástarsaga, aðeins ósk um ástarsögu“ vegna þess að lýsingar Samöntu á Hans Örlýgssyni, hinum heittelskaða, séu „litaðar af rómantískri sýn“ persónunnar á hann, „konu sem býr sér til raunveruleika með því að hugsa um hann. [...] Hans er riddarinn í ástarsögunni, en í raunveruleikanum er hann einhver annar en Sögu-Hans. Hans er eignarfallið af persónufornafninu Hann. Hann er samnefnari fyrir karlinn sem allar konur vilja eiga“.¹⁰

Svipaðan leik má finna í *BÓL* því LínLín kallar æskuástina Hansa sem er nánast sama nafn og ástarviðfang Samöntu ber. Þá vísar hún iðulega til hans með orðunum „Hansi MINN“ þótt hann hafi aldrei verið hennar. Eignarfor-nafnið er skrifað með hásteflingum en þannig er lögð áhersla á hið stóra hlutverk sem karlhetjan leikur í huga persónunnar – hann er aðalástin. Eins og í mörgum öðrum sögum Steinunnar er karlhetjan þó afar fjarlæg persóna því lesendur kynnast Hansa aðeins í gegnum minningar LínLín, stutt samtal hennar við frænda hans sem og í skrifaðri frásögn sem hún setti á blað morguninn eftir að hafa játað Hansa ást sína án árangurs. Þeirri frásögn fylgir eins konar formáli sem lýsir skiptum LínLín og Hansa þegar hún heimsækir hann og tjáir honum ást sína. Skrifin eru mörkuð orðræðu hinnar rómantísku ástar, sem hrifur hinn ástfangna og heltekur,¹¹ eins og sést vel á lýsingu LínLín á þeirra fyrstu kynnum:

⁸ Á þennan hátt minnir persónan einum þræði á aðra persónu Steinunnar; Lillu úr *Sól-skinshesti* sem giftist manni sem hún elskaði ekki og eignaðist með tvær dætur en skilur síðan við án þess að slitin hafi teljandi áhrif á hana – enda hugurinn alltaf bundinn æskuástinni.

⁹ Í upphafi *Ástin fiskanna* kemur fram að Samanta hafi verið að þýða gömul indversk ástarljóð í nokkur ár. Sjá Steinunn Sigurðardóttir, *Ástin fiskanna*, Reykjavík: Íðunn, 1993, bls. 9. Í *BÓL* segir frá því að LínLín hafi lokið við þýðingu á handriti sem ber titilinn *Ástarljóðasýrpa frá ýmsum löndum*. Sjá Steinunn Sigurðardóttir, *BÓL*, bls. 13.

¹⁰ Alda Björk Valdímarsdóttir, „Á tímum VARANLEGRA ÁSTARSORGA“, bls. 142–143.

¹¹ Góða og hnitmiðaða útskýringu á rómantískri ást má til að mynda finna í bókinni *Ást og útlegð* eftir Matthías Viðar Sæmundsson en þar er henni lýst á þessa leið: „Hin rómantíska ást er sjálfstæður og „massífur“ veruleiki. Þegar maðinn síst varir dettur hún yfir, hrifur

[...] mér varð svo starsýnt á þig þar sem ég sat á rúminu og þú varst eitthvað svo innilega athyglisverður og svo ótrúlega sérstakur og með svo mikið hár sem mann langaði strax að gramsa í og eitthvað dularfullt yfir þér og svona mildur en samt grunaði mann kannski strax að þú værir óvinnandi nema fyrir aðrar stelpur og kannski var það meðal annars þess vegna sem ég var svona meðtekin, þetta var alveg ákveðið ástand og greinileg ást og ég orðin þetta gömul, níttján, og hafði samt aldrei upplifað stórsmellinn sem heitir á bókmáli ást við fyrstu sýn og enginn heilvita maður mundi láta út úr sér, en það eru þó til orð yfir það sem er að koma fyrir mig. Það hjálpar ekki að orðin eru til, en þau eru þó til, og það er ákveðin staðfesting. Og ég þarf að segja skýrt án þess að nota orðin upphátt, það var ást við fyrstu sýn. (145–146)

Að mati kvenhetjunnar er ástarsambandið skrifað í skýin en eins og fram hefur komið er ástin ekki gagnkvæm. Titill formálans; „Ástardraumur“; er því ákaflega lýsandi fyrir sambandið í heild sinni – það er draumur kvenhetjunnar um ást en **ekki** veruleiki. Í rituðu endurminningunni sem fylgir formálanum lýsir LínLín síðan á dramatískan hátt áhrifum höfnunarinnar og hvernig hún muni aldrei upplifa hina einu og sönnu ást:

Allt hjá mér verður minni háttar. Minni háttar ástir, minni háttar kelerí, draumlaus hjásvefn. Strákurinn á hvíta jakkanum, strákurinn minn, verður aldrei minn. Aðrar stelpur fá að vera hjá honum, öfundsverðar stelpur sem hann vill hafa, en ekki mig.

Það verður ekki gaman hjá mér, kannski ekki leiðinlegt heldur, það verður einfaldlega ekki neitt neitt.

Ég fe aldrei að vita hvað ást er, ekki ástin sem er eitthvað, ég fe aldrei að elska eins og ég kann að elska. Lífið verður uppbót fyrir það sem er ekki, einskisverð uppbót [...]. (149)

Í staðinn fyrir einu stóru ástina á hvítum jakka verða margir litlir elskhugar á engum jakka og ég get örugglega valið úr, en til hvers, til þess að láta dást að mér, og sama verður mér, ég tek ekki eftir neinu, engu nema ljóðunum, þar verður lífið fallegt, heilt líf sem er ekki lífið með þér [...]. (150)

með sér, heltekur. Hún er *alger*: manneskja gengur hjá og tilveran breytir öll um svip, hlutirnir verða gegnsærir og þráin ein veruleg, mynd *hennar* þurrkar út umhverfið og þú flyst nálega yfir á annað tilverusvið, einsemdin er ekki lengur þín heldur fjarvera *hennar*. Ástandið líkast algleyminni eða innblæstri, galdri.“ Matthías Viðar Sæmundsson, *Ást og útlegð. Form og hugmyndafræði í íslenski sagnagerð 1850–1920*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1986, bls. 28.

Hinar sterku tilfinningar sem skína af skrifunum eru algengur fylgifiskur ástarsorgar þar sem hinum sára líður eins og hann geti aldrei aftur litið glaðan dag. Höfnunin dregur líka allan mátt úr LínLín en í sögunni er tekið fram að hún hafi lagst í rúmið í viku sem vitnar vel um þau líkamlegu áhrif sem áfall tengt missi getur haft í för með sér.¹²

Mannfræðingurinn Helen Fisher hefur bent á að konur séu vanalega tilfinningaríkari í tjáningu sinni á ástarsorginni en karlar. Hún segir að margar þeirra kjósi að skrifa um tilfinningar sínar og missi og fara þannig yfir vonbrigðin yfir því að sambandið skyldi ekki hafa fengið tækifæri til að blómstra en um leið syrgi þær gjarnan framtíðina sem aldrei muni verða. Þótt skrifin geti að einhverju marki verið ákveðin hreinsun eða kaþarsis geta þau líka haft neikvæð áhrif. Með því að velta sér upp úr vanlíðuninni og hinu dauða ástarsambandi getur viðkomandi nefnilega óvart viðhaldið eða endurvakið áfallið og þær sáru tilfinningar sem því fylgja.¹³ Ekki er útilokað að það eigi við um LínLín því í stað þess að losa sig við skrifaða textann geymir hún hann í læstum kistli og gengur lengi með lykilinn að honum í keðju um hálsinn. Á táknrænan hátt er þannig dregið fram hvernig minningin er læst innra með persónunni. Í þessu samhengi má líta til kenninga Sigmunds Freuds um sorg og þunglyndi til að skilja betur líðan LínLín. Eins og þekkt er greindi Freud á milli sorgar, sem felur í sér að sleppa tókum á hinum elskaða, og þunglyndis, þar sem viðfangið verður hluti af sjálfinu og einstaklingurinn festist í fortíðinni.¹⁴ LínLín virðist ekki hafa unnið úr missi sínum heldur innlimað Hansa í sjálfsmynd sína. Með því að varðveita textann í kistlinum og bera lykilinn að honum á líkamanum eða hafa í nánasta umhverfi, heldur hún minningunni lifandi – ekki til að losa sig við hana heldur til að varðveita hana sem hluta af sér. Þannig verður ástarsorgin ekki tímabundið áfall heldur viðvarandi ástand sem mótar sjálfsmynd hennar og tengsl við aðra. Það er ekki fyrr en persónan hefur ákveðið að segja skilið við lífið, að hún tekst á við fortíðina, les textann yfir og brennir hann í kjölfarið. Þannig sleppir LínLín loksins tókum á þeirri sjálfsmynd sem hefur verið mótuð af missi og ímyndaðri ást en líta má á uppgjórið sem táknræna staðfestingu á að hún hefur lokavaldið fyrir eigin lífssögu – enginn skal fá aðgang að ástardraumi hennar.

¹² Sbr. til dæmis Elaine Hatfield og Richard L. Rapson, *Love and Sex, Cross-Cultural Perspectives*, Needham Heights, MA: Allyn and Bacon, 1996.

¹³ Helen Fisher, „Broken Hearts. The Nature and Risks of Romantic Rejection“, *Romance and Sex in Adolescence and Emerging Adulthood. Risks and Opportunities*, ritstjórar Ann C. Crouter og Alan Booth, Mahwah, New Jersey og London: Lawrence Erlbaum Associates, 2006, bls. 3–28, hér bls. 17.

¹⁴ Sigmund Freud, „Sorg og þunglyndi“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 61–79, hér einkum bls. 62–66.

Þótt ástarsorgin marki tilveru LínLín fær líf hennar nýjan tilgang þegar dóttirin Ása fæðist; eða eins og hún segir sjálf: „Lífsvélin mín fór reyndar að hökta aftur þegar Ása fæddist.“ (142) Móðurástin virkar þannig eins og ákveðið viðnám gegn ástarsorginni. Þegar dóttirin deyr stöðvast lífsvélin að nýju að mati persónunnar sem undirstrikar að það sem gaf lífinu gildi er endanlega horfið. Eins og heimspekingurinn Judith Butler hefur bent á getur sorg reynst umbreytandi ferli fyrir sjálfsmynd einstaklinga því í gegnum missinn upplifa þeir að sjálfið sé ekki fullkomlega sjálfstætt heldur mótað af tengslum við aðra.¹⁵ Með dauða Ásu rofnar þetta tengslanet LínLín því sú eina sem raunverulega fyllti tómið sem Hansi skildi eftir sig hverfur. Eftir stendur persónan einsömul og án þess að finna almennilega merkingu í tilverunni eins og betur verður fjallað um í næsta kafla.

Ofursorgin

Þegar einstaklingur deyr er saga hans varanlega rofin sem getur valdið mikilli sorg hjá eftirlifendum og gert þeim erfitt fyrir að sætta sig við eða finna merkingu í atburðinum. Tilverunni eins og þeir þekkja hana hefur verið kollvarpað og framtíðarsýninni raskað. Í sumum tilvikum getur sorgin hamlað því að einstaklingur geti orðað vanlíðan sína og komið til skila sársaukanum sem hann upplifir. Engan skyldi því undra að syrgjendur greini gjarnan frá því að þeir upplifi mikinn einmanaleika við lát ástvinar og að á milli þeirra og annarra myndist eins konar gjá sem erfitt getur reynst að brúa.¹⁶ Sorginni tengjast síðan ýmsar flóknar tilfinningar svo sem leiði, ringulreið, afneitun, reiði, kvíði, þrá og vonleysi. Hvernig viðkomandi vinnur úr vanlíðuninni og tekst á við tilfinningarnar hefur áhrif á líðan hans og líkamlega heilsu. Mörgum reynist erfitt að vinna sig út úr sorginni og telja það jafnvel ómögulegt en þeim hópi tilheyrir LínLín. Samkvæmt persónunni er sorgin viðvarandi ástand sem aðeins versnar eða með hennar orðalagi: „við vinnum ekki úr neinu, síst af öllu úr sorgum sem blandast og margfaldast fyrri missi og missi og missi, þetta situr sem fastast, bringuklumpur sem gerir ekki annað en þyngjast, og þrykkir okkur að lokum alla leið niður – í langþráða endastöð úrvinda sálar og líkama.“ (31)

Frásögn LínLín markast af sársauka og þunglyndi persónunnar sem er föst í viðjum sorgarinnar. Stærsti missir hennar er lát einkadótturinnar Ásu og ófædd barnabarns. Til að takast á við missinn og draga úr sársaukanum hefur LínLín

¹⁵ Sjá Judith Butler, *Precarious Life. The Powers of Mourning and Violence*, London og New York: Verso, 2004, bls. 22–23.

¹⁶ Andrea C. Westlund, „Untold Sorrow“, *The Moral Psychology of Sadness*, ritstjóri Anna Gotlib, London og New York: Rowman & Littlefield, 2018, bls. 21–41, hér bls. 24.

reynt að afmá ummerki um tilvist dótturinnar úr umhverfi sínu. Að undirlagi vinkonu sinnar selur hún íbúðina þar sem hún ól Ásu upp þannig að rýmið sjálft kalli ekki lengur fram minningar um stundir þeirra saman. Þegar í nýja húsið er komið heldur hreinsunin áfram því LínLín hefur ekki „lengur neitt uppi við sem minnir á Ásu. Ekki einu sinni mynd af elskaða barninu“. (72) Raunar losar hún sig við allflestar myndir af Ásu og lætur alla muni úr eigu hennar fara sem og kort og bréf til hennar sjálfrar frá dótturinni og dagbókina þar sem hún var „krúttumamma og best í heiminum geiminum hnettinum“. (73)

Til að skerma sig enn frekar frá minningum og sorg innréttar LínLín bílskúr, sem fylgir nýja húsinu. Hún kallar athvarfið Núllskúr en þar reynir hún að aftengja sig „óbærilegri fortíðarbyrði og ágengri óvissu um yfirvofandi endalok framtíðarinnar“. (85) Ólíkt íbúðarhúsnæðinu eru þar engin herbergi – eins og eldhús, svefnherbergi eða stofa – sem geta kallað fram minningar um stundir mæðgnanna saman. Skúrinn er einkastaður LínLín sem enginn utanaðkomandi má heimsækja og verður þess vegna jákvætt leyndarmál og mótvægi við þau sorglegu leyndarmál sem hún ein geymir. Þótt á yfirborðinu takist LínLín þannig að fjarlægja Ásu úr lífi sínu getur hún ekki stjórnað næturdraumum og ágengum minningum sem hverfast um dótturina en hvort tveggja varpar ljósi á tilfinningalíf persónunnar.

Sagan hefst á lýsingu á draumi þar sem LínLín horfir í spegil og sér ekki sjálfa sig heldur Ásu sem ávarpar hana með orðunum: „Komdu nú mamma mín. Barnið er orðið stórt.“ (5) Í kjölfarið vaknar LínLín á votum kodda og áttar sig á að hún hefur grátið sínum „sjaldgæfu tár[um] sem fátt annað en draumar gátu framkallað“. (5) Síðar í bókinni er lýsingin endurtekin orðrétt að viðbættu ávarpi sem LínLín beinir í draumnum að dóttur sinni: „*Fyrirgefðu mér barnið mitt blíða. En ég hefði frekar óskað að eignast þig ekki heldur en að sjá á eftir ykkur fara svona. Fyrirgefðu mér.*“ (174) Draumurinn afhjúpar sársauka LínLín og erfiðar tilfinningar sem hún hefur reynt að fela fyrir sjálfri sér og öðrum. Í vöku getur hún hvorki fært í orð harminn og sársaukann sem umvefur hana né fengið útrás fyrir tilfinningar sínar með gráti. Fleiri tákn í sögunni undirstrika vanlíðan persónunnar. Til dæmis má nefna að tíminn stöðvast í upphafi sögu þegar fram kemur að klukka sem LínLín hefur erft eftir ömmu sína er hætt að slá og hún ætli sér ekki að trekkja hana upp aftur þar sem hennar eiginn tími sé einnig á þrotum.¹⁷ Þá vísar óræktin í bakgarðinum við æskuheimilið á Baldursgötu – sem LínLín heimsækir – til þess að kvenhetjan hefur ekki unnið úr sorgum og erfiðleikum fortíðar; þar sé allt í óreiðu.

¹⁷ Í ritdómi um *BÓL* nefnir Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir að klukkan geti verið tákn; sjá „Af jöklasorgum og öðrum“, *Bókmenntavefur*, febrúar 2024, sótt 5. júlí 2025 af <https://bokmenntir.is/bokmenntavefur/bokmenntaumfjollun/af-joklasorgum-og-odrum>.

Í bókinni *Árin sem enginn* man bendir Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir á að tilfinningar tilheyri persónulegustu og leyndustu upplifun fólks og ef þær eru óþægilegar vilji það gjarnan losa sig við þær eða eins og segir í skrifum hennar:

Oft eru tilfinningar, sárar, óþægilegar og ógnandi, vekja skömm, draga úr sjálfstrausti og sjálfstjórn. Það eru einkum slíkar tilfinningar sem fólk vill loka á og vonast þá til að líða betur, verða „eins og annað fólk“. En reynslan hefur sýnt að það er hægara sagt en gert að flokka tilfinningar og velja hverjar maður finnur og á hverjar maður lokar. Gleði og sorg eru samrýndar systur sem erfitt er að stífa í sundur og með bælingu sárna tilfinninga fer ánægjan oft sömu leið.¹⁸

Þótt LínLín reyni að loka á sorgina er gleðin ekki samferðarkona hennar því eins og draumurinn gefur vísbendingu um er hún haldin sjálfsmorðshugsunum. Draumurinn rekur persónuna raunar af stað í lokaferðina á Sæluból – hjartastaðinn í sveitinni sem foreldrar hennar byggðu upp og ræktuðu. Samkvæmt mælingum jarðfræðinga styttist í að hraunflæði úr nálægu eldgosi muni granda íbúðarhúsnæði jarðarinnar og þegar það gerist ætlar LínLín að vera á staðnum og sameinast náttúrunni. Ógnin og endir heimsins eins og persónan þekkir hann endurspeglar vel sálarástand hennar. Hún þráir frekar dauðann en að lifa í hinum óvinveitta heimi þar sem hún hefur misst eða mun missa allt sem hún unnir. Þannig líkist LínLín ýmsum öðrum persónum úr smíðju Steinunnar því eins og Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði, hefur bent á stefna friðlausar söguhetjur skáldsins „svo til allar í hreyfingarleysið [...] á staðinn þar sem þráin lætur sefast um síðir.“¹⁹ Á það jafnt við um Öldu í *Tímaþjófnum*, Lillu í *Sólskinshesti* og Systu í *Systu megin* (2021) svo nokkrar persónur af þessu tagi séu nefndar.

Ferðalagið úr borginni í sveitina myndar rammasögu utan um frásögnina sem er einnig ferðasaga hugans því LínLín flakkar fram og aftur í tíma með upprifjunum sínum.²⁰ Hún rifjar einkum upp samskipti við liðna ástvini; foreldra sína

¹⁸ Sæunn Kjartansdóttir, *Árin sem enginn* man. *Ahrif frumberskunnar á börn og fullorðna*, Reykjavík: Forlagið, 2009, bls. 16–17.

¹⁹ Guðni Elísson, „Við sumarlangan veginn“. *Hjartastaður* og vegafrásagnir“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, ritstjóri Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun og Háskólaútgáfan, 2011, bls. 89–111, hér bls. 95. Tekið skal fram að máli sínu til stuðnings tekur Guðni dæmi úr fyrstu ljóðabók Steinunnar, *Sífellli* (1969), og skáldsögunum *Tímaþjófnum*, *Hundrað dyrum í golunni* og *Sólskinshesti* en grein hans fjallar síðan einkum um *Hjartastað*.

²⁰ Sagan minnir þannig einum þræði á vegaskáldsöguna *Hjartastað* sem Steinunn sendi frá sér árið 1995. Um hana hefur Guðni Elísson skrifað góða grein: „Við sumarlangan veginn“. *Hjartastaður* og vegafrásagnir“, bls. 89–111.

og dóttur; en því minnir sagan einum þræði á sorgarsögur. Samkvæmt Andreu C. Westlund, prófessor í heimspeki, eru sorgarsögur fyrst og fremst vitnisburður um missi ástvinar. Þeim er bæði ætlað að sporna gegn því að viðkomandi falli í gleymskunnar dá og staðfesta mikilvægi hans í lífi þess sem segir frá. Í staðinn fyrir línulega frásögn eru sögurnar gjarnan samansafn af minningabrotum frá ólíkum tímabilum þar sem dregnar eru upp lýsingar af hinum látna og samvistum við hann sem og lýsingar á harmi þess sem eftir situr og syrgir.²¹ Slík lýsing rímar vel við marglaga byggingu *BÓLS* en eftir því sem sögunni vindur fram raðast brotin úr lífi LínLín saman þannig að lesandi fær heildstæða mynd af sögu hennar í fortíð og nútíð, tilfinningalegri líðan og skiptum við sitt nánasta fólk. Harmurinn gegnir stóru hlutverki í frásögninni og skefur LínLín ekki af söknuðinum og sársaukanum eins og eftirfarandi dæmi vitna um:

Í hverri einustu bílferð sakna ég þess að hafa hvorki pabba né mömmu með mér til að lesa landið. (22)

Og þegar hún dó svona fyrir aldur fram þá saknaði ég hennar ofboðslega, ég hafði ekki fengið nóg af mömmu minni, og ég sakna hennar alltaf, skerandi söknuði, enn meira en pabba, og harma það að ég uggði ekki að kolgrimmd tímans, ég missti af henni, og hún var einfaldlega farin að eilífu, mamma mín, sú eina mamma sem ég átti. (81)

Lífsvélin mín fór reyndar að hökta aftur þegar Ása fæddist. Stöðvaðist svo þegar hún dó. Þá hefði ég auðvitað átt að stytta mér aldur. (142)

Ferðalag LínLín til Sælubóls er táknrænt. Það er helsti minningarstaður hennar um foreldrana og þaðan á hún sínar „allra dýrustu minningar“ (56) með Ásu. Hún vill snúa heim á staðinn þar sem henni hefur liðið best og átt gæðastundir með nánustu fjölskyldu en núverandi aðstæður – jafnt missirinn og náttúruógnin – ýfa sársaukann og gera henni ómögulegt að endurupplifa sælu fortíðar. Nostalgían eða fortíðarþráin skín með öðrum orðum af frásögninni.

Máttur nostalgíunnar

Rekja má fræðilegt upphaf nostalgíunnar til skrifas Johannesar Hofer seint á sautjándu öld en hann smíðaði hugtakið um geðsjúkdóm sem þjakaði þau sem þjáðust af sársauka og söknuði eftir horfnum töfrum heimalandsins. Sjúkdómurinn var flokkaður sem hugsýki þar sem leiði, ótti og lystarleysi voru meðal ein-

²¹ Andrea C. Westlund, „Untold Sorrow“, bls. 21.

kenna hans. Að mati Hofer var ungt fólk sem bjó erlendis, fjarri heimahögunum, og var einangrað líklegast til að veikjast af sjúkdómnum. Til að leysa vanda þeirra taldi Hofer best að senda sjúklingana aftur heim til sín.²² Skilgreiningin á nostalgíu hefur tekið miklum breytingum síðan Hofer setti fram kenningu sína. Í dag er ekki lengur litið á liðanina sem sjúkdóm auk þess sem hugtakið hefur meðal annars verið útvíkkað þannig að söknuðurinn og þráin þurfa ekki lengur að beinast að yfirgefnu heimalandi heldur geta þau jafnframt beinst að tíma sem var eða samveru við liðna ástvini.²³ Fyrir vikið litar nostalgían gjarnan sorgar-sögur fólks.

Í bókinni *The Future of Nostalgia* leggur Svetlana Boym áherslu á margbreyti-leika nostalgíunnar en hún greinir á milli tveggja gerða hennar: endurbyggjandi nostalgíu (e. *restorative nostalgia*) og ígrundandi nostalgíu (e. *reflective nostalgia*) um leið og hún bendir á að þessar tegundir séu ekki algildar gerðir heldur frekar tilhneigingar, leiðir til að gefa þrá form og merkingu. Fyrri gerðin beinist ekki einvörðungu að liðinni tíð sem minningu heldur er hún viðleitni til að „endurbyggja“ það sem var í nútímanum, með því að varðveita rými, hluti og siði í óbreyttri mynd, líkt og þau væru helgimyndir fortíðarinnar. Þessi tegund nostalgíu er því ekki aðeins þrá eftir fortíðinni heldur tilraun til að laga og endurbyggja hana í nútímanum. Oft er hún knúin áfram af þeirri tilfinningu að fortíðin hafi verið heil og fullkomin og því sé nútíminn ekki nægjanlegur nema hann líki eftir því liðna. Ígrundandi nostalgía er hins vegar þegar einstaklingur dvelur í þránni sjálfri frekar en að reyna að endurheimta eða endurgera fortíðina. Hún felst í ígrundun viðkomandi, söknuði og jafnvel kaldhæðni gagnvart því sem var í sömu mund og hinn sami gerir sér grein fyrir því að fortíðin er óafturkræf og minningarnar hluti af skáldaðri eða litaðri sýn hans.²⁴ Boym bendir á að þessar tvær gerðir af nostalgíu geti skarast eða verið upplifaðar samtímis og að einstaklingar flakki oft á milli þeirra eftir aðstæðum eða tilfinningalegri liðan. Nostalgían er því ekki stöðugt eða fastmótað fyrirbæri heldur breytilegt sjónarhorn sem getur bæði snúið um viðleitni til að endurgera fortíðina og að hugleiða hana sem eitthvað sem er horfið og óafturkræft.²⁵

²² Dagný Kristjánsdóttir, „Hugsýki“, *Undirstraumur. Greinar og fyrirlestrar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 326–342, hér bls. 336–337.

²³ Sbr. Felipe De Brigard, „Nostalgia and Mental Simulation“, *The Moral Psychology of Sadness*, ritstjóri Anna Gotlib, London og New York: Rowman & Littlefield, 2018, bls. 155–181.

²⁴ Svetlana Boym, *The Future of Nostalgia*, New York: Basic Books, 2001, bls. 41, 49–50.

²⁵ Svetlana Boym, „Nostalgia“, *Atlas of Transformation*, 2011, sótt 1. ágúst 2025 af <http://monumenttotransformation.org/atlas-of-transformation/html/n/nostalgia/nostalgia-svetlana-boym.html>.

Skrif Boym draga vel fram að nostalgían er alls ekki einfalt fyrirbæri en slík afstaða kemur einnig fram í greininni „Þar sem þú verður“ eftir Dagnýju Kristjánsdóttur, prófessor emeritu í íslenskum nútímabókmenntum. Þar ræðir hún hugtakið með hliðsjón af skrifum fræðikonunnar Lindu Hutchon og segir:

í raun [er] það ekki fortíðin sem fólk sakna[r] heldur ímynduð fortíð, fegurð, betrumbætt og þráð. Þannig snýst nostalgían alltaf um ófullnægjandi nútíð; því sem við höfum ekki hér og nú er varpað aftur á fortíðina og þannig gerir nostalgían okkur útlæg úr samtímanum um leið og hún færir skáldaða fortíðina nær okkur.²⁶

Þessa flóknu afstöðu til tímans má gjarnan greina í fari LínLín eins og til dæmis þegar hún er komin á sælureitinn og íhugar hvar hún geti beðið dauðans:

Hérna gæti ég legið á dýnunni undir pabbadúnsæng og pabbateppi og horft þangað til augun lokast fyrir fullt og fast út í þessa yfirgengilegustu sjón ævinnar, sambland af ómengaðri æskuminningunni og Ásuminningunni og þessu sem núna er, óhugsandi logastrókum sem teygja sig upp yfir grenitoppa handan við Lurkalæk [...]. (152–153)

Andstæðurnar eru skýrar – samanborið við hina flóknu, sársaukafullu og óstýrlátu nútíð er fortíðin falleg, einföld og hrein. Það er að segja miðað við hvernig LínLín kýs að minnast fortíðarinnar en endurminningar hennar bera þess merki að hún upphefur það liðna og setur fjölskyldu sína á ákveðinn stall líkt og margir syrgjendur eiga til með að gera.²⁷ Sambandið við Ásu bestabarn var til að mynda alltaf stórkostlegt, foreldrarnir elskuðu LínLín skilyrðislaust og samveran í Sælbóli einkenndist af dásemdartímum þar sem „hvellbjartir dagar og kvöld liðu í brasi, hlátri, náttúrudýrkun, gæðafæði og almennum yndislegheitum“ (56) – svo vísað sé til sögunnar.

Til að viðhalda tíma sem var og heiðra minningu foreldra sinna leggur LínLín sig fram við að sinna viðhaldi á bústaðnum og rækta jörðina á sama hátt

²⁶ Dagný Kristjánsdóttir, „Þar sem þú verður. Um ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur“, Ingibjörg Haraldsdóttir, *Ljóðasafn*, Reykjavík: Mál og menning, 5–20, hér bls. 15. Skrif Lindu Hutchon sem Dagný vísar til: „Irony, Nostalgia and the Postmodern“, *Methods for the Study of Literature as Cultural Memory*, ritstjórar Reymond Vervliet og Annemarie Estor, Brill, 2000, bls. 189–207.

²⁷ Sjá Helena Znaniecka Lopata, „Widowhood and Husband Sanctification“, *Continuing Bonds. New Understandings of Grief*, ritstjórar Dennis Klass, Phyllis R. Silverman og Steven L. Nickman, New York: Routledge, 1996, bls. 149–162, hér bls. 151.

og foreldrar hennar gerðu af alúð. Þannig tekur hún með sér pensla og litatúbu í lokaferðina í Sæluból til að dytta að listaverkum föður síns sem málaði blóm hringinn í kringum hurð á einu húsinu þótt hún viti að brátt muni hjarta- staðurinn að engu verða vegna væntanlegs hraunflóðs. Á staðnum eru tvö hús; Sæluból og Stjörnusel; en hið síðarnefnda kallaði móðir LínLín Syndasel eftir að faðir hennar tók upp á því að reykja þar vindla. Eftir dauða föðursins liður hálf tölur þar til LínLín opnar Selið eða eins og segir í sögunni:

Ég hafði ekki fengið af mér að opna húsið eftir að pabbi dó, ekki fyrr en núna. Hér var allt nákvæmlega eins og hann hafði skilið við það í síðasta sinn. Dýnan með skjaldarmerkisullarteppinu við gólfsíða blæaspargluggann. Ferðastjörnukíkirinn í viðbragðsstöðu við dýnuna. Kommóðan með vindlakassanum, vindlaskeranum, kveikjaranum. Hraunöskubakkanum kolaða frá Glit keramik. Kringlóttu útskorna borðið indverska með lótusskálinni. Körfustóllinn með krosssaums- púðanum frá ÖmmuLind. Svört skuggamynd af tveimur hjartar- dýrum í haustskóginum gullinbrúnum, logarauðum. (42)

Ég er hálfundrandi yfir því hvernig er umhorfs í kósíbragðanum. Það er eins og ég eigi von á að hér sé ekki allt eins og ég skildi við það, eins og pabbi skildi við það, en þannig er það, allt er eins, auðvitað, upp á millimetra. Hver hefði átt að hrófla við handarverkunum mínum? (153)

Lýsingar á dvöl LínLín í sveitinni sýna glöggst hvernig hún sveiflast á milli endurbyggjandi og ígrundandi nostalgíu samkvæmt skilningi Boym. Í Selinu reynir hún að varðveita fortíðina með því að halda öllu óbreyttu, líkt og tíminn hafi stöðvast þegar faðir hennar kom þangað í síðasta sinn. Slíkt viðhorf er dæmi um endurbyggjandi nostalgíu þar sem fortíðin er sett á stall og reynt að endurskapa hana í nútímanum með því að varðveita rými og hluti án þess að hrófla við þeim. Á sama tíma felst í veru hennar á staðnum ígrundandi nostalgía því hún nýtur þess að dvelja í fegurð minninganna og þránni eftir liðnum tíma þótt hún geri sér grein fyrir því að fortíðin sé óafturkræf og ekki hægt að snúa aftur þangað.

Sálfræðingurinn Felipe De Brigard hefur bent á að kveikjan að nostalgíu sé oft vanlíðan einstaklings sem finnur til leiða, einsemdar eða höfnunar. Ímynd- unin sem skapast þegar hann ræsir nostalgíuna kann þó að vera jákvæð því með ímyndunaraflinu getur viðkomandi vakið upp góðar og gleðilegar minningar til

dæmis um ánægjulega stund í fortíðinni og samskipti við þá sem farið hafa yfir móðuna miklu. Tilfinningalega upplifunin í kjölfarið getur því falið í sér vellíðan og gleði þannig að nostalgían reynist jafnan vera ljúfsár – sambland af ólíkum tilfinningum, jafnt jákvæðum og neikvæðum.²⁸ Að mati heimspekingsins Önnu Gotlib getur nostalgían þess vegna reynst gagnlegt tól í úrvinnslu á sorg og missi. Viðkomanda gefst nefnilega tækifæri til að heimsækja ákveðnar minningar, takast á við tilfinningar þeim tengdum og um leið endurskoða og endurbyggja eigin sjálfsmyndir sem kunna að hafa raskast við lát ástvina sem minningarnar hverfast um.²⁹ Með því að rifja upp fortíðina og samskipti við foreldra sína og dóttur vegsamar LínLín lífið sem hún átti og fólkið sem hún missti um leið og hún endurheimtir sjálfsmyndir sínar sem móðir og dóttir, það er sjálfsmyndir sem kunna að hafa virst óaðgengilegar með missi tengslanna sem undirstrikuðu þær.³⁰ Upprifjunin er ekki til þess að fá ákveðna hreinsun eða komast yfir sorgina heldur er LínLín fyrst og fremst að opna nútíðina fyrir fortíðinni og skapa þannig rými með hjálp minninga og ímyndunarafstsins til þess að hinir látnu ástvinir geti áfram lifað með henni þótt það sé sársaukafullt.

Í krafti nostalgíunnar tekst LínLín einnig að gaumgæfa betur bernskuna og uppeidið en þá kemur glögglega fram að hún syrgir hvernig „sársaukinn sem fylgir því ósagða og ósegjanlega“ (20) markaði fjölskyldulífið sem einkenndist þó af fallegum og góðum samskiptum. Fjölskylduleyndarmálið – ástarsamband föður LínLín og Eyjó – veldur persónunni miklu hugarangri. Hún var fimm ára þegar hún heyrdi föður sinn kalla einhvern „elskan mín“ en þá rennur upp fyrir henni að hún er ekki eina elskan hans föður síns sem kallaði hana iðulega „elskan litla“. Síðar gerir hún sér grein fyrir að faðirinn elskar Eyjó. Einkum er LínLín þó eyðilögð yfir því að tilfinningalíf móður hennar hafi verið í kælingu í áráðir vegna leynilífs föðursins og að hún hafi hvergi getað notið sín nema í garðyrkju og kæfugerð. LínLín dregur þá ályktun að leyndarmálið hafi reynst móðurinni banvænt; vegna þess hafi hún dáið fyrir aldur fram.

²⁸ Felipe De Brigard, „Nostalgia and Mental Simulation“, bls. 163–166.

²⁹ Anna Gotlib, „Memory, Sadness, and Longing: Exile Nostalgias as Attunement to Loss“, *The Moral Psychology of Sadness*, ritstjóri Anna Gotlib, London og New York: Rowman & Littlefield, 2018, bls. 183–205, hér bls. 185.

³⁰ Í meginmáli er talað um sjálfsmyndir persónunnar og þar með tekið undir þá kenningu sem hefur verið sett fram innan félagsfræðinnar að einstaklingurinn hafi margar og ólíkar sjálfsmyndir sem mótist af því hvaða hlutverk hann leikur hverju sinni. Sjálfsmyndin sé með öðrum orðum tengd ákveðnum gerðum af hlutverkum og hugmyndum fólks um hvað felist í þeim eins og til dæmis hvernig eigi að haga sér í hlutverkunum vin-kona, móðir eða dóttir; í hverju hlutverki getur birst ólík sjálfsmynd. Sjá Sheldon Stryker, „Identity Theory and Personality Theory: Mutual Relevance“, *Journal of Personality* 75: 6/2007, bls. 1083–1100.

Í skáldsögum Steinunnar er algengt að dætur eigi í betri samskiptum við feður sína en mæður.³¹ Það á við um tengsl LínLín við foreldrana því þótt samband hennar og móðurinnar hafi verið gott varð hún sem barn hændari að föður sínum sem tók nær alfarið við uppeldi hennar frá fimm ára aldri. Meginástæðan fyrir því var sú að móðirin fór út á land að hjúkra systur sinni sem lá banaleguna en á meðan dekrudu pabbi LínLín og Eyjó hana alla daga og urðu henni svo nákomnir að hún fór að kalla þá Hjallapabba og Pabbeyjó. Í kjölfarið sótti hún frekar í föður sinn en móður. Líklegt er að það hafi einnig haft neikvæð áhrif á sálarlíf móðurinnar eins og skýrt er dregið fram með áhuga hennar á skáldkonunni Guðnýju frá Klömbrum (1804–1836).

Eins og þekkt er upplíði Guðný sár svik eiginmannsins, Sveins Níelssonar (1801–1881), og margfaldan barnsmissi en hún er talin hafa látist af harmi. Hún eignaðist fjögur börn. Fyrstu tvö; Jón Aðalsteinn og Sigríður; létust bæði um árs-gömul. Næstu tvö báru sömu nöfn og var komið í föstur; fyrst Sigríði (1831–1907) þá tíu mánaða og því næst Jóni Aðalsteini (1830–1894) þegar Guðný og Sveinn skildu árið 1835. Móðir LínLín ræddi gjarnan um Guðnýju og sótti stíft í skáldskap hennar, einkum eitt átakanlegasta kvæðið; „Sorgartölur saknandi móður“; sem skáldið orti að eldri syni sínum látnum. Kvæðið er það lengsta úr smíðju skáldkonunnar en það er 19 erindi og vitnar um sorgarferlið sem móðir gengur í gegnum við banabeð sonar síns. Sársaukinn skín af kvæðinu en eins og Helga Kress, prófessor emerita í almennri bókmenntafræði, hefur fjallað um er sorgin svo áköf að það er eins og kvæðið geti ekki hætt „því að þá muni hún [Guðný] missa samband við barnið. Hún talar við soninn látinn þar sem hann liggur „hulinn í mold“, minnst þjáninga hans og dauða, horfir á litlu fötin hans sem vermdu hann lifandi og hugsar um tungumálið sem hann aldrei fékk.“³² Þegar Sveinn kemur Sigríði í föstur; til að Guðný geti gengið í heyvinnu; yrkir skáldið sorgarljóðið „Á heimleið“ sem fjallar um hinn sára aðskilnað mæðgnanna:

Myrkt er af kvíða.
Meybarnið friða
menn frá mér taka.
Faðmur er snauður,
alheimur auður,
oft mænt til baka.

³¹ Sjá til dæmis Guðrún Steinþórsdóttir, „Dósafríða, flandrari og hrjád dóttir“. Um *Systu megin* eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Ritíð* 2/2022, bls. 93–120, hér bls. 100–101.

³² Helga Kress, „Gegnum orðahjúpin. Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 2009, bls. 37–57, hér bls. 43.

Samt má ei gleyma,
að sonurinn heima
semur mér yndi.
Augað hægt grætur,
til alls liggja bætur,
ef hver það fyndi.³³

Eins og Helga Kress hefur bent á er í ljóðinu „athyglisverð og á þessum tíma djörf ásökun: „menn frá mér taka“. Það er samfélagið, karlinn sem rífur barnið úr fangi móðurinnar með valdi og metur tilfinningar hennar einskis.“³⁴ Fyrstu þrjár ljóðlínurnar leita á huga LínLín þegar hún rifjar upp áhuga móður sinnar á Guðnýju og ljóðum hennar. Hún veltir fyrir sér hvort skáldskapurinn endurspegli hegðun föðurins og Eyjó sem tóku hana svo að segja frá móður hennar rétt eins og Sveinn tók Sigríði frá Guðnýju á sínum tíma. Aðstæður voru þó vitaskuld aðrar í tilviki LínLín og foreldra hennar því hún var ekki aðskilin frá móður sinni. Ákveðið tengslaróf varð þó þegar faðirinn tók við uppeldinu og móðirin missti um leið hlutverk sitt sem uppalandi. Gjörð hans var ekki framin af nauðsyn, illkvitni eða stjórnsemi heldur er ekki útilokað að hann hafi verið að reyna að sanna að hann vildi tilheyra fjölskyldunni þótt hann ynni Eyjó hugástum en ekki eiginkonu sinni og barnsmóður.

Þegar LínLín missir Ásu samsamar hún sig sorg móður sinnar og Guðnýjar en hún leitar jafnframt í ljóð þeirrar síðarnefndu til að takast á við hlutskipti sitt. Þannig er ýtt undir að sársaukasaga kvennanna haldi áfram að fara í hring og um leið gefin vísbending um að alvarleg veikindi LínLín, krabbameinið, megi hugsanlega rekja til dótturmissisins. Vísindalegar uppgötvanir síðustu áratuga hafa enda leitt sífellt betur í ljós áhrif áfalla og streitu á líkamlega heilsu einstaklinga. Í því samhengi má minnst grundvallarritsins *Líkaminn geymir allt* eftir geðlækninn Bessel van der Kolk þar sem gaumgæfilega er fjallað um tengsl áfalla og líkamlegra veikinda.³⁵ Þá er það einnig afar táknrænt að LínLín skuli

³³ Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum, „Á heimleið“, *Guðnýjarkver: Kvæði Guðnýjar frá Klömbrum*, Búið hefur til prentunar Helga Kristjánsdóttir á Þverá, Reykjavík: Helgafell, 1951, bls. 91.

³⁴ Helga Kress, „Gegnum orðahjúpin. Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum“, bls. 44.

³⁵ Bessel van der Kolk, *The Body Keeps the Score. Brain, Mind, and Body in the Healing of Trauma*, New York: Penguin Books, 2014. Árið 2023 kom bókin út hjá Forlaginu í íslenskri þýðingu Hugrúnar Hrannar Kristjánsdóttur og Arnþórs Jónssonar undir titlinum *Líkaminn geymir allt*. Í þessu samhengi má einnig minnst ACE-rannsóknarinnar (e. *Adverse Childhood Experiences*) sem hefur leitt í ljós sterka fylgni á milli alvarlegra áfalla í barnæsku og sjúkdóma á fullorðinsaldri. Sjá Vincent J. Felitti, Robert F. Anda, Dale Nordenberg,

fá krabbamein í legið sem þarf að fjarlægja ásamt eggjastokkum – það er að segja líkamsparta sem tengjast móðurhlutverkinu og ímyndinni sem raskast við lát Ásu.

LínLín hefur aldrei opinberað leyndarmál fjölskyldunnar en þagmælskan hefur einnig sett mark sitt á líðan hennar. Ekki aðeins er hún eini vörslumaður leyndarmáls föður síns og Eyjó heldur hefur hún lengst af þagað um þungun Ásu; það er að segja þar til hún missir leyndarmálið út úr sér í samtali við Eyjó hálfu ári eftir að pabbi hennar deyr. Þá ræðir hún jafnframt í fyrsta og eina skiptið um ástarsamband hans og föður hennar.³⁶ Samtalið kann að reynast vendipunktur á sorgarferli LínLín. Með því að ræða leyndarmálin léttir hún á þeirri byrði sem hún hefur borið í einrúmi í sömu mund og hún tekst á við flókin fjölskyldutengsl og tilfinningar sem hafa verið bældar niður um árabíl. Þá kann það að ýta undir að hún sé tilbúin að skoða minningarnar gagnrýnni augum, skilja betur eigin tilfinningar og sættast við fortíðina. Það sést til dæmis á því að í kjölfar samtalsins skoðar hún ljósmyndir af Eyjó og föður sínum og þrátt fyrir að hafa margoft litið eina þeirra augum verða henni nú fyrst ljós útlitseinkenni elskendanna og áttar sig á að þeir muni hafa verið samfedra.³⁷ Gælunafnið „tvíburarnir“ sem mamma LínLín tók upp á að kalla vinina/elskendurna/hálfræðurna mörgum árum fyrr orkar sem staðfesting á skyldleikanum og leiðir hugann að því hvernig leyndarmál eru oft ekki falin en þó ekki endilega sýnileg. Uppgötvunin breytir fortíðinni – LínLín er ekki af sínum föðurættum; afi hennar Hólmgeir átti ekki í henni hálf tigen heldur er Eymundur Eyjópabbi hennar alvöru afi.³⁸ Þótt LínLín geti skilið

David F. Williamson, Alison M. Spitz, Valerie Edwards og James S. Marks, „Relationship of Childhood Abuse and Household Dysfunction to Many of the Leading Causes of Death in Adults. The Adverse Childhood Experiences (ACE) Study“, *American Journal of Preventive Medicine* 4/1998, bls. 245–258.

³⁶ Í þessu sambandi má nefna að áhrif leyndarmála geta verið tvíþætt; annars vegar geta þau orðið byrði á þeim sem trúað er fyrir leyndarmálinu, einkum ef sá sem segir frá er náinn viðkomandi því þá er líklegri en ella að hann leiði oftar hugann að því en ekki; hins vegar geta tengsl fólks sem deilir leyndarmálum hvort með öðru orðið nánara. Þannig geta leyndarmál bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á þann sem er vörslumaður þeirra eins og kemur fram í lýsingu á líðan LínLín í *BÓL*. Um áhrif leyndarmála sjá Michael L. Slepian og Katharine H. Greenaway, „The Benefits and Burdens of Keeping Others’ Secrets“, *Journal of Experimental Social Psychology*, 2018, bls. 220–232.

³⁷ Sjá Steinunn Sigurðardóttir, *BÓL*, bls. 194–195.

³⁸ Uppgötvunin á sér hliðstæðu í túlkun Skúla vinar LínLín á leikritinu *Beðið eftir Godot* eftir Samuel Beckett en samkvæmt honum eru persónurnar í því, Vladimir og Estragon, hommapar og þótt það sé aldrei nefnt upphátt má sjá sannanir um það víða í leikritinu. Þegar LínLín spyr hvers vegna enginn hafi bent á þessa túlkun fyrr segir Skúli: „Vegna þess að Beckett viðhefur töfrahögg. Og vegna þess að þegar menn byrja að sjá ekki eitthvað, þá halda þeir áfram að sjá ekki.“ (171) Sjá Steinunn Sigurðardóttir, *BÓL*, bls. 169–171.

betur fortíðina og upprunann og jafnvel sæst við það sem var og gerðist á hún erfiðara með að takast á við nútímann og þá eyðileggingu og ótraustu framtíð sem náttúruhamfarir og hamfarabreytingar fela í sér.

Jöklasorgin

Jökullinn verður enginn að sér gengnum, enginn,
ekki nokkur

hann verður skrattakollur, kollóttur

fjall með framliðnum fjöllum

ekki ísfjallið brakandi hjart.

Svo steindrepst heimsins hvítasti kroppur og við tekur ótínt grjót.³⁹

Á þessa leið hljómar brot úr ljóðinu „SJÓNARSVIPTIR 1“ sem birtist í ljóðabókinni *Dimmumót* sem Steinunn sendi frá sér 2019. Bókin er magnaður ljóðabálkur um Vatnajökul; jafnt óður til jökulsins og tregaljód um eyðingu hans vegna hamfarabreytinga.⁴⁰ Steinunn hefur greint frá því að hún hafi verið í sveit í Seljalandi í Fljótshlíð og átt í sérstöku sambandi við jökullinn eins og kemur glögglega fram í ljóðabókinni en þar fléttar hún í fyrsta skipti á ferlinum eigin lífi saman við skáldskapinn. Þannig fylgist lesandi með uppvesti skáldsins og kynnum þess af jöklinum og náttúrunni í fyrsta hluta bókarinnar.⁴¹ Náttúran hefur alltaf verið Steinunni hugleikin í skáldskapnum en í *Dimmumótum* er réttmæt gagnrýni

³⁹ Steinunn Sigurðardóttir, „SJÓNARSVIPTIR 1“, *Dimmumót*, Reykjavík: Mál og menning, 2019, bls. 26–28, hér bls. 28.

⁴⁰ Vert er að nefna að Soffía Auður Birgisdóttir hefur skrifað góða grein um *Dimmumót* þar sem hún ræðir ljóðabálkin með hliðsjón af vistfémínisma og skoðar meðal annars hvernig Steinunn vinnur með bókmenntagreinarnar tregaljód og heimsslitakvæði í verkinu um leið og hún fléttar inn í það sjálfsævisögulegum þáttum. Soffía Auður Birgisdóttir, „Ef ég kynni að gala galdur: *Dimmumót* Steinunnar Sigurðardóttur sem heimsslitakvæði“, *Fléttur VI. Loftslagsvá og jafnrétti*, ritsjórar Elín Björk Jóhannsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir og Hafðís Hanna Ægisdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, 2023, bls. 121–149.

⁴¹ Sjá Júlía Margrét Einarsdóttir, Björg Magnúsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson, „Vil alls ekki vera kölluð „geðþekkt“,“ *RÚV*, 5. nóvember 2019, sótt 3. ágúst 2025 af <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/vil-alls-ekki-vera-kollud-gedthekk>.

á hegðun mannsins og eyðilegging hans á náttúrunni í brennidepli.⁴² Jökullinn er ekki lengur tákn eilífðar hjá skáldinu, líkt og til dæmis í skáldsögunni *Hjartastað*, heldur forgengileika eins og sést bersýnilega í ljóðabrotinu hér að ofan. Þetta er nefnt því jöklasorgin er einnig til umfjöllunar í *BÓL* og raunar er freistandi að taka undir með Soffíu Auði Birgisdóttur rannsóknarprófessor sem nefnir í ritdómi um skáldsöguna að ekki sé ólíklegt að fyrirmyndin að Sælubóli – hjartastað LínLín – sé sami sælustaður og Steinunn yrkir um í *Dimmumótum*.⁴³

LínLín er dóttir náttúrubarna og faðir hennar var í ofanálag jarðfræðingur. Hún er því alin upp í nánú samneyti við náttúruna. Allt frá upphafi er skýrt dregið fram að það er ekki aðeins fjölskyldan og æskuástin sem persónan syrgir. Hún kvelst einnig af því hvernig hamfarabreytingar setja mark sitt á náttúruna sem hún unnir og kollvarpa um leið því umhverfi sem hefur mótað hana frá bernsku. Vanlíðan af þessu tagi kemur til að mynda vel fram þegar hún hugsar um örlög jöklanna eins og eftirfarandi lýsingar bera með sér:

Eftir fáeina áratugi, kannski ekki einu sinni mannsaldur, verður þessi hvíta ljóskeila [Snæfellsjökull] slokknuð og skuggagrjótið mun ríkja. Og manneskjurnar sem þá fæðast, eftir þá stuttu stund, munu aldrei kynnast birtuhöfðingjanum nema af afspurn. Jafnvel söknuðurinn eftir honum verður frá þeim tekinn. (11)

Og ég staldra við og dáist að blómayndinu hans pabba, klettafrú, hvönn, ljónslappa, gullbrá, skoða útsýnisdýrðina yfir Sólarlagsskóginn sem trónir uppi í vestri eins og fyrirheitið land, til hliðar við jökulinn minn heittelskaða. Það sem eftir er af honum. Jöklasorgin grípur mig, jafnvel núna grípur hún mig. Að það skuli geta gerst að við tortímum heimsins hvíta himnaljósi. Hversu óhugsandi að Heimajökullinn minn, okkar pabba, mömmu, Ásu, muni aðeins lifa mig um hundrað ár eða

⁴² Gaman er að geta þess að Steinunn er náttúruverndarsinni og strax árið 1976, þegar listaskáldin vöndu trúðu upp í Háskólabíói, flutti hún heimsósómaljóð um hversu illa mennirnir hefðu farið með jörðina. Sjá Júlíu Margrét Einarsdóttir, Björg Magnúsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson, „Vil alls ekki vera kölluð „geðþekkt““.

⁴³ Í ritdóminum bendir Soffía Auður einnig á hvernig Steinunn vinnur áfram með heims-slitahugmyndir í *BÓL* sem birtast í *Dimmumótum*. Sjá Soffía Auður Birgisdóttir, „Söguheimur Steinunnar eins og hann gerist bestur“, *RÚV*, 14. nóvember 2023, sótt 30. júlí 2025 af https://www.ruv.is/fretir/menning-og-daegurmal/2023-11-11-soguheimur-steinunnar-eins-og-hann-gerist-bestur-396110?fbclid=IwY2xjawL3DqpLeHRuA2FlbQIxmQBiCmlkETBKOVJZeVBFWEJTeFA1TjFZAR4JkrIFWa-JIUbCWndfaA2mKKG016Q7XwmcZETI_Tumtv6GvNcvAoK9flQVYtg_aem__tJokkqBq2Nc_bPkaVL_vg.

svo, fara stöðugt hrakandi, tærost upp eins og sjúklingur með berkla, með krabbamein. Að svanavængurinn okkar felli hvíta fjöður eftir fjöður og verði að lokum rúinn innúr, alla leið að kolsvörtum dauðaham. Svanasöngurinn sá gerir lokasporin ekki léttari. (177)

Með því að líkja jöklinum við sjúkling með berkla eða krabbamein er náttúrunni gefnir mannlegir eiginleikar og um leið ýtt undir líkindi hans við LínLín sem hefur sjálf veikt af erfiðu krabbameini. Líkindin draga fram hversu stóran þátt jökullinn leikur í lífi persónunnar, hann er samofinn tilveru hennar og sjálfsmynd. Þegar svanavængurinn fellir „hvíta fjöður eftir fjöður“ og skilur eftir sig „kolsvartan dauðaham“ er það eins og fegurðin og sakleysið sé tekið frá LínLín þar til ekkert annað stendur eftir en tómið. Þannig endurspeglar lýsingin upplifun persónunar á tilverunni eftir því sem hún missir meira – ekki aðeins fjölskyldumeðlimi og heilsuna – heldur einnig náttúrudýrðina sem hefur mótað hana, veitt henni styrk og öryggi.

Sársauki LínLín endurspeglar upplifun margra sem búa í nánnum tengslum við náttúruna og fylgjast með henni umbreytast – til dæmis vegna hamfarabreytinga – án þess að þeir geti rönd við reist. Árið 2003 smíðaði umhverfisheimspekingurinn Glenn Albrecht hugtakið *solastalgia* til að lýsa þessari sérstöku tegund vanlíðanar sem einstaklingur upplifir þegar öryggið og huggunin sem áður fylgdi því að tilheyra ákveðnum stað rofnar vegna umhverfisbreytinga. Upplifunin – að vera heima en samt ekki – er ókennileg og getur kallað fram flókið samspil tilfinninga, þar á meðal sorg, depurð og kvíða. Merking hugtaksins endurspeglar þetta ástand en Albrecht bjó orðið til úr latneska sagnorðinu *solace*, sem þýðir huggun, og latneska viðskeytinu *algos*, sem merkir sársauki.⁴⁴

Solastalgía getur átt rætur að rekja til margvíslegra umhverfisbreytinga, þar á meðal loftslagsváar sem veldur aukinni tíðni þurrka, flóða, storma, hitabylgna, skógarelda og bráðnun jökla. Þá geta náttúruhamfarir á borð við eldgos og jarðskjálfta valdið þessari djúpstæðu vanlíðan og sömuleiðis mengun, umhverfisspjöll af mannavöldum og eyðilegging vegna stríðsátaka.⁴⁵ Hugtakið tengist nostalgíu

⁴⁴ Glenn Albrecht, „Solastalgia. The Origins and Definition“, *healthearth.blogspot.com*, 12. janúar 2008, sótt 30. júlí 2025 af <https://healthearth.blogspot.com/2008/01/solastalgia-history-and-definition.html>; Glenn Albrecht, Gina-Maree Sartore, Linda Connor, Nick Higginbotham, Sonia Freeman, Brian Kelly, Helen Stain, Anne Tonna og Georgia Pollard, „Solastalgia. The Distress Caused by Environmental Change“, *Australasian Psychiatry* 15: 1/2007, bls. 95–98, hér bls. 95–96. Ég þakka Þorvarði Árnasyni kærlega fyrir að hafa kynnt mig fyrir hugtakinu solastalgía í umræðum eftir fyrirlestur sem ég hélt um *BÓL* á Hugvísindapíngi í mars 2025.

⁴⁵ Rai Takver, „Solastalgia“, *Ecopsychedia*, 28. febrúar 2024, sótt 29. júlí 2025 af <https://ecopsychedia.org/glossary/solastalgia/>.

að því leyti að það lýsir þrá eftir stað og tíma sem var, en ólíkt nostalgíu sem oft tengist heimþrá og löngun eftir horfnum stað fjarri núverandi aðstæðum, felur solastalgía í sér að vera kyrr og horfa á heiminn breytast í kringum sig. Það eykur sársaukann því hann er ekki aðeins bundinn við minningar heldur einnig upplifun í rauntíma. Vanlíðunin verður til þegar tengsl einstaklings við umhverfi sitt rofna – þegar náttúran sem áður veitti skjól og skipaði stóran þátt í sjálfsmynd viðkomandi, breytist í eitthvað óþekkt og ógnandi.⁴⁶

Rannsóknir hafa leitt í ljós að solastalgía getur haft neikvæð áhrif á líðan fólks og líkamlega heilsu.⁴⁷ Til dæmis sýndi rannsókn Ashlee Cunsolo og Neville R. Ellis fram á að íbúar í norðurhluta Kanada, sem urðu vitni að hröðum breytingum á vistkerfum sínum vegna hamfarabreytinga, sögðust upplifa sorg, kvíða og reiði og að þeim liði eins og þeir væru að missa tengslin við náttúruna en líðan af þessu tagi samræmist vel skilgreiningu Albrechts á solastalgíu.⁴⁸ Hið sama má segja um rannsókn sem gerð var meðal eldri kvenna á Erub-eyju í Torres-sundi milli Ástralíu og Nýju-Gíneu en hún sýndi að umhverfisbreytingar, þar á meðal auknar sjávarflóðbylgjur, hafa leitt til solastalgíu hjá konunum.⁴⁹

Upplifun LínLín af jöklasorginni má túlka sem birtingarmynd solastalgíu þar sem hún syrgir náttúru sem hún býr enn við en sem breytist óafturkræft fyrir augum hennar. Það er þó ekki aðeins bráðnun jöklanna sem yfir sársaukann heldur einnig eldgosið sem ógnar tilvist sælureits hennar. Hún lýsir bæði söknuði yfir því að náttúran, eins og hún þekkir hana, sé að hverfa, og reiði yfir eigin vanmætti í garð náttúruhamfaranna:

⁴⁶ Glenn Albrecht, Gina-Maree Sartore, Linda Connor, Nick Higginbotham, Sonia Freeman, Brian Kelly, Helen Stain, Anne Tonna og Georgia Pollard, „Solastalgia. The Distress Caused by Environmental Change“, bls. 95–96.

⁴⁷ Sjá til dæmis Glenn Albrecht, Gina-Maree Sartore, Linda Connor, Nick Higginbotham, Sonia Freeman, Brian Kelly, Helen Stain, Anne Tonna og Georgia Pollard, „Solastalgia. The Distress Caused by Environmental Change“, bls. 96–98; Glenn Albrecht, Nina Higginbotham, Linda Connor og Sue Freeman, „Social and Cultural Perspectives on Eco-Health“, *International Encyclopedia of Public Health*, 2008, bls. 57–63; Sri Warsini, Jane Mills og Kim Usher, „Solastalgia. Living With the Environmental Damage Caused By Natural Disasters“, *Prehospital and Disaster Medicine* 29: 1/2014, bls. 87–90 og Rai Takver, „Solastalgia“.

⁴⁸ Ashlee Cunsolo og Neville R. Ellis, „Ecological Grief as a Mental Health Response to Climate Change-related Loss“, *Nature Climate Change* 8: 4/2018, bls. 275–281. Tekið skal fram að höfundar nota ekki hugtakið solastalgía í skrifum sínum heldur lýsa þeir líðan þátttakenda með hugtakinu „vistfræðileg sorg“ (e. *ecological grief*) en eins og á við um solastalgíu nær hugtakið yfir tilfinningaleg viðbrögð við missi tengdum hamfarabreytingum.

⁴⁹ Rai Takver, „Solastalgia“.

Þvæ mér hendur í sprellandi Lurkalæk sem fer hoppandi kátur milli bakkanna sem hann hefur verið að snurfusa í mörgþúsund ár. Nú verða þessi finu verk skemmd, farvegurinn heftur. Hvað verður um lækinn minn elskaða, hvert fer hann, hverjar verða undankomuleiðirnar, eftir að viðbjóðurinn óstöðvandi þveggir hann? (178-179)

Ég hata þetta eldgos, þetta logandi grjóttfjót eyðingarinnar sem þjóðin þyrpist að og hagar sér eins og rakinn bjáni, fer of nálægt, stefnir hundum og börnum í hættu, beinbrotnar, lætur björgunarsveitir elta við sig. Ég hata eldfjöllin, óvætti Íslendinga. Stærstu flóð í heimi koma úr gosi undan íslenskum jöklum. Kötlum, Vatnajökulseldstöðvum. Eira engu, búa til risastóra eyðimörk þar sem áður var grænt land. Þar sem áður voru Dynskógar. Eldfjöllin sem hafa alla tíð gert Ísland að helvíti á jörð. Skaftáreldar. Baneitruð flugeldasýning úr víti í tvö heil ár. Móðuharðindi. Hryllingsdauðagi manna og dýra. (179)

Reiði LínLín gagnvart eldfjöllunum má túlka sem útrás fyrir bældar tilfinningar sem hún hefur ekki getað tjáð í öðrum aðstæðum.⁵⁰ Náttúran, sem áður var henni skjól og uppspretta öryggis, staður sem hún naut með fjölskyldu sinni, er nú orðin ógnandi og eyðileggjandi og þar með má túlka hana sem tákn fyrir stjórnsýsi og missi. Þessi umbreyting náttúrunnar úr heimili í hættu, úr öryggi í ógn, er einmitt kjarni solastalgíu: að upplifa sig sem á skjön í eigin landslagi, þar sem það sem áður mótaði sjálfsmyndina verður framandi og ógnvekjandi. Um leið felur reiðin í sér gagnrýni á samfélagið og viðbrögð þess við náttúruhamförum, þar sem yfirborðsleg skemmtanagildi virðast vega þyngra en raunveruleg umhyggja fyrir náttúrunni og þeim sem í henni búa.⁵¹

Sorg LínLín yfir örlögum náttúrunnar er slík að hún þolir ekki að lifa það að sjá „athvarfið [s]itt á jörðinni, helst[a] minningarstað[inn] um Ásu sérstaklega“ og svo foreldrana fara „að eilífu undir tíu metra af fljótandi grjóti.“ Í hennar huga er betra að „safnast með staðnum til [hennar] nánasta yndisfólks“. (154)

⁵⁰ Reiði er dæmi um algengt viðbragð við missi eins og kemur fram í bókinni *On Death and Dying* (1969). Sjá Elisabeth Kübler-Ross, *On Death and Dying. What the Dying Have to Teach Doctors, Nurses, Clergy and Their Own Families*, London og New York: Routhledge, 2009, fyrsta útgáfa 1969.

⁵¹ Sambærileg gagnrýni á hegðun fólks kemur víðar fyrir í *BÓL* eins og til dæmis þessi lýsing: „hálf þjóðin galin á gosveidum og gostrippi, teppandi þjóðvegina. Kann ekki að skammast sín fyrir að líta á eimyrju eyðingarinnar eins og hverja aðra skrautsýningu upp á grín. Svo langt gengur að það er komið íslenskt nýyrði um þetta afbrigðilega hátalag eyjarskeggja: *Goshegðun*.“ (175) Þá kallar LínLín fólk sem fer að eldgosinu þrátt fyrir viðvaranir „gosfífl“ (114).

Þegar kemur að ögurstundu; hraunflóðið nálgast og LínLín er reiðubúin að segja skilið við lífið verður þó írónískur snúningur á frásögninni. Hvítt jarmandi lamb birtist hjá Sælubóli og LínLín sér sig knúna til að bjarga því. Lambið má lesa sem tákn fyrir trú, nýtt líf og von; í það minnsta truflar það sjálfseyðingarhvatir persónunnar og færir hana aftur til raunveruleikans. Það sama má segja um Eyjó sem birtist óvænt og hjálpar til við björgunina. Þótt náttúruhamfarirnar boði eins konar heimsendi í lífi LínLín gefur óvænta atvikið og samstaðan von og trú um að nýtt og betra líf taki við hjá henni. Ólíkt ýmsum öðrum harmrænum persónum Steinunnar lætur hún enda ekki lífið í sögulok.⁵² Með því að horfast í augu við fortíðina hefur hún fundið styrkinn til að halda áfram og í stað þess að minningarnar brjóti hana niður getur hún nýtt þær til að kalla fram ánægjulegar stundir þangað til yfir lýkur eða eins og segir í bókinni:

Meðan ég lifi eru minningarnar á lífi, um yndisfólkið mitt, stundir háljómans, undir sól, undir tungli og stjörnum, norðurljósum. Á lyngbölum við Lurkalæk, í hraunbolla með bláklukkubreiðu og nesti, á pallinum með störu á vaxandi Bláskóginn, Sólarlagsskóg og hvítagullvæng Heimajökulsins. ÓBRYNNISHÓLMI er orðið sem ég tek með mér ef ég sný aftur í lifenda tölu og ég ætla þá að verma það við hjartað á mér þangað til svartamyrkur algleymismóðunnar leggst yfir mig og allt og allt sem var einhvern tímann mitt. (204)

Að lokum

Skáldsagan *BÓL* er einkar áhrifamikil stúdía á það hvernig einstaklingur kann að bregðast við marghátta missi, jafnt láti ástvina, heilsuleysi, ástarsorg sem og náttúruhamförum; og hve alvarleg áhrif það getur haft að bæla niður erfiðar og sárar tilfinningar. Af mikilli næmni er því lýst hvernig LínLín finnur sífellt upp á nýjum aðferðum til að halda lífinu áfram jafnvel þegar hún virðist vera komin á endastöð. Í því skyni er vel dregið fram hvernig nostalgían getur reynst öflugt tól, ekki aðeins til að takast á við missi ástvina heldur einnig til að endurheimta og endurmóta eigin sjálfsmyndir. Nostalgían verður þannig ekki flótti frá raunveruleikanum heldur skapandi afl sem opnar rými fyrir fortíðina í nútímanum og gerir hinum látnu kleift að lifa áfram í gegnum minningar og frásagnir þeirra sem eftir standa. Tengsl LínLín við náttúruna og sorgina sem hún upplifir vegna þeirra breytinga sem þar verða – hvort sem um er að ræða náttúruhamfarir

⁵² Hér má til dæmis minnast Lillu í *Sólskinshesti* og Systu í *Systu megin*.

eða bráðnun jökla – gefa frásögninni dýpri og víðari merkingu. Á tímum hamfarabreytinga er það sérlega mikilvægt að skáldskapur fjalli um þann sársauka sem fylgir því að horfa upp á hnignun náttúrunnar. Slíkri sorg er almennt ekki gefið nægilegt rými í opinberri umræðu en í sögu Steinunnar fær hún að vera hluti af persónulegri reynslu aðalpersónunnar sem lesandinn getur speglað sig í. Um leið kann umfjöllunin að hreyfa við lesendum og hvetja þá til að fara betur með jörðina. *BÓL* er þannig ekki einungis saga um missi og sorg, heldur kjarnmikil áminning um að skáldskapur getur vakið okkur til umhugsunar, eft skilning okkar á manneskjunni og náttúrunni – og minnt okkur á þá sameiginlegu ábyrgð sem við berum á framtíðinni.

ÚTDRÁTTUR

Árið 2023 sendi Steinunn Sigurðardóttir frá sér verðlaunaskáldsöguna *BÓL* þar sem segir frá þýðandanum Líník Hjalmsdóttur, eða LínLín eins og hún er kölluð. Meginviðfangsefni bókarinnar eru sorg, eftirsjá, ofurást og alvarleg áhrif þess að þegja yfir leyndarmál um árabíl. Rétt eins og kemur glögglega fram í sögunni hefur líf LínLín verið flókið; hún fær ekki æskuástina og í ofanálag upplifir hún margs konar missi; foreldrar hennar og einkadóttir eru látin, hún hefur veikt alvarlega og misst heilsuna og sælureitur hennar í sveitinni er á leið undir glóandi hraun. Í greininni er fjallað um hvernig sorg og sársauka LínLín er lýst og hvernig hún bregst við missi og söknuði. Sjónum er ekki síst beint að því hvernig nostalgían mótar frásögn hennar og hvernig fortíðarlöngun gegnir lykilhlutverki í sjálfsskoðun og tilraun til að skilja lífsreynsluna. Einnig er tekið til skoðunar hvernig sú vanlíðan sem hlýst af náttúruhamförum og loftslagsvá; einkum bráðnun jökla og yfirvofandi eyðileggingu landslags, sem áður veitti persónunni öryggi og ró; tengist hugtakinu solastalgía. Greiningin dregur fram hvernig skáldsagan *BÓL* varpar ljósi á flókið samspil sorgar, minninga og sjálfsmynda í lífi LínLín, og hvernig fortíðin – í gegnum nostalgíu, leyndarmál og tengsl við náttúruna – verður lykill að því að skilja nútíðina og lifa hana af.

Lýkilorð: Steinunn Sigurðardóttir, *BÓL*, læknahugvísindi, frásagnarlæknisfræði, sorg, sársauki, nostalgía, solastalgía

ABSTRACT

“Nothing goes on forever. Except Grief. And Blind Passion.”

On bodily afflictions, heartbreak, and glacier-grief in *Lavaland*

by Steinunn Sigurðardóttir

In 2023, Steinunn Sigurðardóttir published the award-winning novel *Lavaland*, which tells the story of the translator LínLín Hjálmsdóttir—known as LínLín. The novel’s central themes are grief, regret, blind passion, and the profound consequences of keeping secrets for an extended period. As becomes clear in the narrative, LínLín’s life has been complex: she never attains her childhood love and, in addition, endures multiple losses—her parents and only daughter have died, she has suffered severe illness and a decline in health, and her beloved summer cottage is threatened by advancing lava flows. This article examines how LínLín’s grief and pain are depicted, as well as how she responds to loss and longing. Particular attention is given to the ways in which nostalgia shapes her narrative voice and how longing for the past plays a pivotal role in her self-examination and efforts to make sense of her life experience. The discussion also considers the distress arising from natural disasters and climate change—especially glacial melting and the impending destruction of landscapes that once offered LínLín security and peace—in relation to the concept of solastalgia. The analysis demonstrates how *Lavaland* illuminates the intricate interplay of grief, memory, and identity in LínLín’s life, and how the past—through nostalgia, secrets, and a deep connection to nature—becomes a key to understanding and surviving the present.

Keywords: Steinunn Sigurðardóttir, *Lavaland*, medical humanities, narrative medicine, sorrow, pain, nostalgia, solastalgia

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Aðjunkt við Deild faggreinakennslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

gudrunst@hi.is

